

HESTAMANNAFÉLAGIÐ STÍGANDI

Ársskýrsla æskulýðsnefndar 2010

Barna- og unglingastarf Stíganda 2010 hófst þann 16.janúar með kynningu á barnastarfi hestamannafélaganna Stíganda, Léttfeta og Svaða í reiðhöllinni Svaðastaðir. Það var margt um manninn á áhorfendapöllum reiðhallarinnar Svaðastaðir þegar reiðkennarar okkar þennan vetur, þau Pétur Örn Sveinsson sem var með yfirumsjón með námskeiðinu, Heiðrún Ósk Eymundsdóttir og Lisa Rist, kynntu fyrirkomulag og starf vetrarins. Þau voru síðan með sýnikennslu fyrir verðandi nemendur sína og foreldra þeirra og svöruðu síðan fyrirspurnum.

Reiðnámskeiðið byrjaði síðan síðustu helgina í janúar. Var mjög góð þátttaka á námskeiðinu, rúmlega 80 börn sem mættu aðra hvora helgi, bæði laugardag og sunnudag, í 5 skifti. Var börnunum skift upp í 13 hópa og voru 2 hópar í kennslu í senn í 40 mínútur. Á meðan börnin æfðu sig stóðu foreldrar vaktina við eldavélina í Tjarnarbæ og seldu mat á vægu verði í hádeginu fyrir alla svanga munna. Einnig gat yngsta kynslóðin horft á myndir á meðan beðið var eftir eldri systkinum af námskeiði.

Nokkur börn úr Stíganda sóttu einnig reiðnámskeið hjá Léttfeta, sem haldin voru tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum.

Þann 27.mars bauð Skotta film öllum börnum á námskeiðinu í bíó á myndina Kraftur og máttu börnin taka mömmu og/eða pabba með. Tvær sýningar voru í boði kl. 11:00 og 13:00 og var góð mæting.

Að námskeiði loknu hófust æfingar fyrir sýninguna Æskan og hesturinn sem vera átti í reiðhöllinni Svaðastöðum á Sauðárkróki þann 1.maí. Því miður varð ekkert af henni sökum hestapestar en krakkarnir voru búin að vera alveg svakalega dugleg að æfa, atriðin klár, búningarnir voru tilbúnir og búið að keyra sýninguna í gegn á generalprufu og stefndi í flotta sýningu hjá þeim. Elstu krakkarnir voru með sitt atriði á sýningunni Tekið til kostanna í reiðhöllinni Svaðastöðum helgina áður.

Í júní var lokahóf haldið fyrir krakkana og var haldið út í Hofsós. Þar byrjuðu krakkarnir á því að fara í sund í nýju sundlaug þeirra Hofsósinga. Þaðan var haldið heim að Hofi til Lilju Pálmadóttur og Baltasars Baltasarssonar. Tekið var vel á móti börnunum og fengu þau að skoða hesthúsin. Börnin fengu peysu að gjöf sem viðurkenningu fyrir námskeiðið. Og að lokum gæddu allir sér á grilluðum pylsum og hangikjöti.



Grunnskólamót Norðurlands vestra í hestaíþróttum var á sínum stað í vetur, með breytingum þó frá því í fyrravetur. Mótið hófst í reiðhöllinni Þytsheimum á Hvammstanga í þetta skiftið og var keppt í fegurðarreið hjá yngstu keppendunum, 1-3 bekkur, þá þriggja hjá 4-7 bekk og 8-10 bekkur keppti í fjórgang og fengu einnig að spreyta sig á skeiði. Næsta mót var haldið í reiðhöllinni Arnargerði á Blönduósi þar sem fegurðarreiðin var á sínum stað en nú kepptu hinir aldursflokkarnir í smala og þau elstu fengu að taka skeiðið. Og að lokum var keppt í reiðhöllinni Svaðastaðir á Sauðárkróki og þar var fegurðarreiðin enn á sínum stað en eldri bekkirnir kepptu í tölti og þau elstu fengu enn að spreyta sig á skeiði. Fóru leikar þannig að Varmahlíðarskóli varði farandbikarinn frá því í fyrra og að þessu sinni fengu stigahæstu knapar í hverjum aldursflokki verðlaun. En þau voru :

Guðný Rúna Vésteinsdóttir Varmahlíðarskóla 1-3 bekkur

Ásdís Ósk Elvarsdóttir Varmahlíðarskóla 4-7 bekkur

Stefán Logi Grímsson Húnavallarskóla 8-10 bekkur



Varmahlíðarskóli með farandbikarinn

Við áttum okkar fulltrúa á hinum ýmsu mótum þetta árið. En það var hún Ásdís Ósk Elvarsdóttir sem átti hreint frábært keppnisár á henni Mön frá Lækjamóti. Þær stóllur lönduðu 3ja sæti í Kvennatölti

Norðurlands 2010 í floknum Meira vanar-frábær árangur. Þær sigruðu á Fákaflugi um verslunarmannahelgina og gerðu það gott í tölti fullorðinna þar sem þær unnu B-úrslitin og höfðu síðan í 5.sæti-hreint frábært. Urðu síðan Íslandsmeistarar í tölti viku síðar, auk þess sem Ásdís varð Íslandsmeistari í gæðingaskeiði í unglingaflokki á Dreka frá Syðra-Skörðugili. Næst lá leiðin austur á Einarsstaði á Stórmót Þjálfar þar sem þær stöllu unnu enn og aftur barnaflokkinn og gerðu sér litið fyrir að landa 2.sæti í tölti fullorðinna. Ásdís vann einnig bæði félagsmót og firmakeppni Stíganda og eins og áður segir var hún stigahæsti knapinn í 4-7 bekk á Grunnskólamóti Norðulands vestra og hún varð einnig stigahæsti knapinn í barnaflokki á Húnavetnsku mótaröðinni. Þessi unga og knáa stúlka er vel að sigrunum komin – frábær árangur hjá henni og verður gaman að fylgjast með henni í framtíðinni.



Ásdís Ósk og Mön frá Lækjamóti



Ásdís Ósk og Dreki frá Syðra-Skörðugili

Með kveðju frá æskulýðsfulltrúa Stíganda, Guðrún Margrét Sigurðardóttir